



Höfuðstöðvar – Helsinki, Finnlandi

ALHEIMSSAMTÖK HEYRNARLAUSRA

Alþjóðleg frjáls félagasamtök í opinberu samstarfi við Efnahags- og félagsmálaráðið (ECOSOC), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Alþjóðavinnumálastofnunina (ILO), Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) og Evrópuráðið. Alheimssamtök heyrnarlausra voru stofnsett í Róm árið 1951. Pósthólf 65, 00401 Helsinki, FINNLANDI

www.wfdeaf.org

Sáttmáli Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknmáls

1. INNGANGUR

- 1.1. Við undirritendur þessa sáttmála¹ áréttum skuldbindingu okkar til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu, viðurkenna þarfir þeirra, mannlega reisn og mannréttindi samkvæmt almennri mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu barnsins, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, áætlun um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030 og tilheyrandi þróunarmarkmiðum og öðrum alþjóðlegum mannréttindasáttmálum.
- 1.2. Við leggjum áherslu á að skilgreina fötlun samkvæmt mannréttindum frekar en læknisfræðilegri skilgreiningu, í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Heyrnarlausir njóta mannréttinda og eiga sama rétt til þátttöku í samfélaginu og aðrir borgarar.
- 1.3. Við leitumst við að tryggja jafnt aðgengi heyrnarlausra í samfélaginu, opinberu lífi og einkalífi fyrir tilstilli táknmáls og án mismununar, svo þeir megi njóta fullra mannréttinda, borgararéttinda, menningarréttinda og stjórnmalalegra réttinda. Í sáttmálanum ítrekum við sameiginlegt markmið okkar um að heyrnarlausir fái að ráða eigin lífi og taka þátt í samfélaginu.
- 1.4. Að því er varðar þennan sáttmála tekur réttur allra til táknmáls til réttar heyrnarlauss fólks, heyrnarlausra barna, heyrnarlausra ungmenna, heyrnarlausra kvenna, heyrnarlausra aldraðra, heyrnarlauss hinsegin fólks, heyrnarlauss flóttafólks, daufblindra, fjölskyldna heyrnarlausra barna, barna heyrnarlausra og allra

¹ Sáttmálann undirrita meðal annars ríkisstjórnir, landsbundnar, svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir, landsamtök og alþjóðasamtök, auk annarra hagsmunaaðila sem leitast við að auka og bæta mannréttindi heyrnarlausra á innlendum, svæðisbundnum og hnattrænum vettvangi.

annarra sem nota táknmál til að njóta fulls aðgengis að samfélaginu, þar á meðal samfélagi heyrnarlausra, og almennri þjónustu fyrir tilstilli táknmáls.

2. TÁKNMÁL

- 2.1. Við styðjum eindregið við [ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. A/C.3/72/L.36/endursk.1](#) um að 23. september skuli vera alþjóðlegur táknmálsdagur og hluti af viku heyrnarlausra. Með þessari viðurkenningu er hvatt til þess að táknmál njóti lagalegrar viðurkenningar sem opinbert tungumál hvernar þjóðar, jafnrétt hátt töluðum og rituðum þjóðtungum.
- 2.2. Við viðurkennum að táknmál er lykilatriði í þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu. Táknmál hvernar þjóðar er fullkomið, flókið og náttúrulegt tungumál með sömu málfræðieiginleika og töluð tungumál, til dæmis hvað varðar hljóðfræði, hljóðkerfi, orðhlutafræði, setningabyggingu, orðræðu og hagnýtingu. Það er móðurmál og náttúrulegt tungumál heyrnarlausra barna. Það er grunnforsenda þess að heyrnarlaus börn geti tekið þátt í samfélagi heyrnarlausra jafnt sem samfélaginu í heild og byggt upp eigin sjálfsmynd og samfélög.
- 2.3. Okkur er ljóst að í samfélögum heyrnarlausra mætast margvísleg þverlæg réttindamál sem varða bæði tungumála- og menningarhópa og réttindabaráttu fatlaðra. Heyrnarlausir hafa eigin sjálfsvitund, sem tengist fyrst og fremst þjóðartáknmálum og félagstengslum sem byggjast á sameiginlegri reynslu þeirra sem nota þessi tungumál. Táknmál og menning heyrnarlausra efla fjölyngi og eru leið til að styrkja, vernda og varðveita fjölbreytileika tungumála og menningar um allan heim. Heyrnarlausir tilheyra öllum menningar-, tungumála- og þjóðernisminnihlutahópum og samfélag heyrnarlausra er fjölbreytt og þverlægt.
- 2.4. Við fordæmum og hörmum mjög ályktun annars alþjóðþings heyrnleysingjakennara í Mílanó árið 1880 um að banna táknmál í menntun heyrnarlausra barna, en hún hafði víðtækar og langvarandi afleiðingar fyrir tungumálaréttindi heyrnarlausra um heim allan. Af þessum sökum var heyrnarlausum synjað um þau grundvallarmannréttindi að fá að nota táknmál.
- 2.5. Við fögnum ályktun 21. alþjóðþings heyrnleysingjakennara í Vancouver í Kanada árið 2010, þar sem ályktun þingsins í Mílanó var hafnað. Ekki má gleyma sögunni þegar leitast er við að tryggja rétt heyrnarlausra til að nota táknmál á öllum sviðum tilverunnar.
- 2.6. Við skuldbindum okkur til að koma á fót rannsóknarstofnunum um táknmál og rannsóknum á táknmáli í háskólum og öðrum menntastofnunum.

3. TÁKNMÁLUMHVERFI FYRIR ALLA

- 3.1. Við leggjum áherslu á góða menntun án aðgreiningar fyrir heyrnarlaus börn, en það felur í sér tvítyngda menntun á þjóðartáknmáli og skriflegri þjóðartungu. Tvítyngdir skólar skulu fylgja opinberri námskrá og fela í sér táknmálskennslu og kennslu í menningu heyrnarlausra. Kennarar verða að geta notað táknmál reiprennandi og heyrnarlaus börn þurfa að vera umkringd jafnöldrum sem nota táknmál og heyrnarlausum fyrirmyndum á fullorðinsaldri.

- 3.2. Við ítrekum mikilvægi þess að hið opinbera styrki tungumálanám fyrir fjölskyldur heyrnarlausra barna. Táknmál eru einu tungumálin sem heyrnarlaus börn geta lært sjálfkrafa og án fyrirhafnar og því þarf að styðja við tungumálanám aðstandenda svo þeir geti átt samskipti við heyrnarlausu börnin. Máltaka frá ungaaldri er nauðsynlegur þáttur í læsi og vitsmunabroska barna og þegar heyrnarlaus börn eiga í hlut er þar um að ræða táknmál.
- 3.3. Við vekjum athygli á nauðsyn þess að bjóða upp á táknmálskenndu fyrir þá fjölmörgu einstaklinga sem kunna að eiga í beinum samskiptum við heyrnarlausu, þar á meðal heilbrigðisstarfsfólk, félagsráðgjafa, vinnuveitendur, almenna borgara, kennara og opinbera starfsmenn.
- 3.4. Við hvetjum til þess að upplýsinga- og samskiptatækni til að bæta aðgengi sé þróuð og fjarskiptaþjónusta, þar á meðal myndamskiptaþjónusta, sé gerð tiltæk til að greiða fyrir þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu. Hægt er að nota tölvugerðar táknmálsmyndir við sérstakar aðstæður, svo sem í upptökum á neytendaupplýsingum, en þær mega ekki koma í stað menntaðra táknmálstúlka og -þýðenda.

4. JÖFN TÆKIFÆRI FYRIR ALLT HEYRNARLAUST FÓLK

- 4.1. Við skuldbindum okkur til að stuðla að þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu með atvinnuþátttöku. Atvinna heyrnarlausra er grundvallaratriði í félagslega líkaninu sem lögð er áhersla á í þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Heyrnarlausu fólki þarf að gefast kostur á að nota táknmál til að starfa í aðgengilegu vinnuumhverfi án aðgreiningar þar sem það getur virkjað hæfileika sína til fulls og tekið fullan þátt í að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.
- 4.2. Við skuldbindum okkur til að fjármagna, efla og hvetja til menntunar og aðgengis að löggiltum táknmálstúlkum og -þýðendum svo að tryggja megi þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu. Nauðsynlegt er að koma á fót og þróa túlkanám undir forystu heyrnarlausra. Heyrnarlausir skulu hafa aðgang að ríkisstyrktri túlkþjónustu á öllum sviðum.
- 4.3. Við vekjum athygli á því að heyrnarlausar konur njóta ekki jafnræðis og verða fyrir tvöfaldri mismunun vegna kyns síns og fötlunar. Grípa þarf til sértækra ráðstafana til að standa vörð um jafnrétti kynjanna, fjölbreytileika og jöfn tækifæri til þjóðfélagsþátttöku og ákvarðanatöku meðal allra heyrnarlausra.
- 4.4. Við skuldbindum okkur til að gera heilbrigðisþjónustu og heilsufarsupplýsingar, þar á meðal hvað varðar kyn- og frjósemisheilbrigði, forvarnir, geðheilbrigðisþjónustu og sálræna meðferð, tiltækar á táknmáli hvernar þjóðar. Jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu er nauðsynlegt svo heyrnarlaust fólk megi lifa og dafna sem manneskjur og til að tryggja að allir njóti virðingar, verndar og reisnar.

5. FORYSTA HEYRNARLAUSRA

- 5.1. Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að veita heyrnarlausum nauðsynlegt fjármagn, úrræði og valdeflingu til að tryggja að þeir geti gegnt forystuhlutverki. Það er aðeins fyrir tilstilli táknmáls sem heyrnarlausir geta staðið á sínu og krafist mannréttinda.

- 5.2. Við vekjum athygli á brýnni nauðsyn þess að veita fullnægjandi fjármagn til uppbyggingar á samtökum heyrnarlausra, ekki síst á suðurhveli jarðar. Þekking er valdeflandi fyrir heyrnarlausra og gerir þeim kleift að efna til gagnkvæms samstarfs við ýmsa hagsmunaaðila til að tryggja mannréttindi.
- 5.3. Við leggjum áherslu á nauðsyn þess að afla vandaðra, samræmdra og áreiðanlegra gagna um heyrnarlausra, sundurliðuð eftir kyni, aldri, menntun, táknmálsgetu, fötlun, atvinnustöðu og kynhneigð. Slík gögn gera valdhöfum kleift að hafa nákvæmt yfirlit yfir stöðu heyrnarlausra og gera viðeigandi og fullnægjandi umbætur eins og þörf krefur.
- 5.4. Við ítrekum skuldbindingu okkar til að starfa með heyrnarlausum og samtökum þeirra við skipulagningu, framkvæmd og eftirlit með innleiðingu sjálfbærnimarkmiða Sameinuðu þjóðanna og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, skilja enga eftir út undan og starfa samkvæmt meginreglunni „*ekkert um okkur án okkar*“.
- 5.5. Við skuldbindum okkur til að móta aðferðir okkar og stefnur um eflingu táknmáls og þátttöku heyrnarlausra í samræmi við gildi og viðhorf Alheimssamtaka heyrnarlausra og þennan sáttmála.